



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

14. árgangur 2.tbl.

Febrúar 2017

**Gaman saman dagur
fyrir alla fjölskylduna!**
verður haldinn í Þjórsárskóla laugardaginn
25. febrúar kl. 14:00.



Fyrir yngri kynslóðina
Öskupokinn endurvakinn
í nýjum og spennandi leik
spil og skemmtileg afþreying

**Fróðlegur fyrirlestur fyrir
þau sem eldri eru**

Hrund Þrándardóttir sálræðingur frá Sálstofunni fjallar um
sjálfsmynd og samskipti við börn og unglina.

Að loknum fyrirlestri er öllum gestum boðið upp á
kaffi og kræsingar í umsjá Kvenfélags Gnúpverja.

BÍÓ fyrir alla fjölskylduna í félagsheimilinu
kl. 16:00 Glæný poppvél á staðnum og sjoppa.

Allur aðgangur ókeypis.



Verið hjartanlega velkomin!
Menningar- og æskulýðsnefnd



Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er:
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00
486-6100 Fax: 486-6120. - skeidgnup@skeidgnup.is

Sími í áhaldahúsi 486-6118 - starfsmaður

Ari Einarsson 893-4426 ari@skeidgnup.is

Jón F. Sigurdsson - umsjónarmaður gámasvæða s. 893-7016

Sendið inn efni í næsta fréttabréf fyrir 5. mars. 2017.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir kidda@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps

Bókahúsinu, Brautarholti.

Opið alla fimmtudaga kl. 20:00 - 22:00!

S: 486-5505

Nóg að lesa! ☺



Netfang bokasfn@skeidgnup.is

<http://www.allirlesa.is>

<http://www.leitir.is>



Heilsugæslan í Laugarási s. 432-2770

Opið virka daga kl. 8:30 -16:30.

Símatímar lækna virka daga kl. 9—9:30 og 13 –13:30

Neyðarsími 112 - HSu Selfossi 432-2000

Vaktsími lækna og hjúkrunarfræðinga á HSU Selfossi 1700

Munið nýja opnunartímann í Lyfju– útibú í Laugarási

Opið kl 10 - 16.30 alla daga nema föstudaga, þá opið 10-13.

Sími í Lyfju — Laugarási 486-8655

Opnunartími gámasvæða

Gámasvæðið við Árnes stendur við Tvísteinabraut vestan Suðurbrautar í Árnesi.

Gámasvæðið í Brautarholti er við Búnaðarfélags-skemmuna. Sést vel af vegi nr. 30 - Skeiðavegi.

Gámasvæðið við Árnes opið:

þriðjudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 10:00 - 12:00

Gámasvæðið í Brautarholti opið:

miðvikudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 13:00 - 15:00

Gámasvæðin eru móttökustöðvar en ekki flokkunarstöðvar.

Flokkum heima og leggjum svo af stað á gámasvæðin ☺

Heyrúlluplastið verður að vera hreint og pakkað (í pokum) og flatgryfjuplastið verður einnig að vera hreint og pakkað ef það á að fara í endurvinnslu.

Setjið plastið í stórsekki eða poka hvort sem það er hreint eða skítugt - það er mikilvægt!

Dýragámar opnir allan sólarhringinn á báðum stöðum!

Fatagámar **Rauða krossins** eru staðsettir á gámasvæðunum í Brautarholti og Árnesi. Opnir allan sólarhringinn.

*Skaftholt tekur við garðaúrgangi og afklippum trjáa
Alla daga, allan daginn.*

(Til vinstri á heimreið fyrir framan gróðurhús.)

Einungis efni úr jurtaríkinu eiga heima á svæðinu við Skaftholt.

Jón Sigurdsson, umsjónarmaður gámasvæðanna

gsm. 893-7016 eða 462-5301.

Hundafangari sveitarfélagsins:
Ragnar Sigurjónsson sími:
859-9559.



Sameiginlegur deildarfundur Sláturfélags Suðurlands á Flúðum!

Sameiginlegur deildafundur SS hjá Skeiða, Gnúpverja og Hrunamannadeildum verður haldinn í félagsheimilinu

Flúðum miðvikudagskvöldið 22 febrúar kl 20:30.

Einar Hjálmarsson stöðvarstjóri á Selfossi verður sérstakur gestur fundarins. Hvetjum alla til að mæta og ræða málefni Sláturfélagsins. Deildastjórar.

STEYPA - ljósmyndarsýning !

Ég, er að leita húsnæði til að halda ljósmyndarsýningu sem ég kalla “STEYPA.” Síðustu fjögur sumur var STEYPA ljósmyndarsýning í Ólafsvík (2016) og í Djúpavík/Árneshreppur (2013, 2014 og 2015).

Um sýninguna:

- 5 til 10 íslenskar og alþjóðlegar ljósmyndir
- aðgangur ókeypis

STEYPA var opið frá 1. júní til 31. ágúst frá ca. kl 10 til kl. 17 daglega.

Þeir sem sæu tækifæri í þessari hugmynd hafið samband við mig, Claus Steinark.

claus@claus-in-iceland.com

gsm: 866-8358

<http://www.claus-in-iceland.com>

<http://www.facebook.com/claus.in.iceland>

***Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá
Margréti Steinþórsdóttur í Háholti,
sími 486-6017.***

Minningarkort Ólafsvallakirkju fást hjá Guðjóni




Aðalfundur Landbótafélags Gnúpverja

Verður haldinn í sal Þjórsárskóla mánudagskvöldið
27. febrúar kl:20:30.

Fulltrúi Landgræðslu ríkisins og Árni Bragason Landgræðslustjóri mæta á fundinn.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin.



Hjónaballið í Brautarholti

verður haldið laugardaginn
18. mars 2017. Takið daginn frá.
Nánar auglýst þegar nær dregur.
Hjónaballsnefndin

Sokkabuxnakynning frá Levante.



Laugardaginn 18. febrúar mun
sölufulltrúi frá Levante heildsölnunni
koma og vera með sölukynningu á sokka-
buxum á **Högnastíg 10, á Flúðum** milli
klukkan 13:00 og 18:00.

Mikið úrval er í boði af allskonar sokka-
buxum, einnig af bolum, sokkum,
nærbuxum, og barnasokkabuxum.

Allir velkomnir að koma, skoða og panta
gæðavöru frá Ítalíu á heildsöluverði.

Fréttir frá Þjórsárskóla

Þorinn - kynning á þorramat

Í byrjun Þorra fræddu kennarar nemendur í öllum bekkjum skólans um þorramat og buðu þeim að smakka. Nemendur eru mishrífir en sumir borðuðu þorramatinn með bestu lyst.



Skákmót í Þjórsárskóla

Fimmtudaginn 26. janúar var skákdagurinn haldinn um land allt. Dagurinn er tileinkaður Friðriki Ólafssyni, fyrsta stórmeistara Íslendinga í skák. Þjórsárskóli tók þátt í þessum viðburði og héldum við skákmót hér í skólanum. Nemendur í 3. – 7. bekk hafa verið í skákkennslu einu sinni í viku í vetur. Þeir hafa verið mjög áhugasamir í tímum og umgangast hvern annan með mikilli virðingu. Á skákmótinu var teflt á 16 borðum. Alls voru tefldar 4 skákir sem tóku 7 mínútur hver. Nemendur voru mjög einbeittir og ríkti þögn allan tímann. 3 nemendur unnu allar sínar skákir og eru skákmeistarar Þjórsárskóla. Þeir eru Þrándur Ingvarsson 6. bekk, Rebekka Georgsdóttir 6. bekk og Baldur Már Jónsson 3. bekk. Við óskum þeim til hamingju með skákmeistaratitlana sína.



Áhugasviðsverkefni

Ekki fara allir nemendur á sama hraða í gegnum lestrarnámið. Þeir sem þurfa, fá aukapjálfun og þá eru m.a. unnin fjölbreytt verkefni í tengslum við áhugasvið nemenda, til þess að styrkja lestrarþróun. Stúlkurnar tvær á myndinni á bls. 7 heita Alda Sól og Bryndís. Þær hafa mikinn áhuga á börnum og bjuggu í aukatímum í vetur til sögur fyrir



yngrir nemendur. Nú í vikunni heimsóttu þær 1.-2. bekk og fluttu sögurnar, Drekasögu og Álfadís við góðar móttökur yngri barnanna.

Hljóðfærakynning

Tónlistarskólans

Kennarar Tónlistarskóla

Árnesinga munu á vorönn 2017 heimsækja nemendur í 1.-2. bekk í Árnessýslu með hljóðfæra-

kynningar. Í síðustu viku fengu nemendur Þjórsárskóla fyrstu kynninguna: Tréblásturshljóðfæri. Þrír kennarar frá tónlistarskólanum komu, sögðu nemendum frá hljóðfærunum og allir fengu að skoða þau og prófa.




Kær kveðja úr Þjórsárskóla. Bolette og Kristín.

Rekstur Skeiðalaugar

Skeiða- og Gnúpverjahreppur óskar eftir aðila til að taka tímabundið að sér rekstur Skeiðalaugar frá 1. apríl 2017.

Áhugsamir setji sig í samband við Kristófer Tómasson sveitarstjóra fyrir 28. febrúar í síma 486-6100 eða sendi erindi á netfangið:

kristofer@skeidgnup.is





Gistihúsið Álfröð á Skeiðum leitar eftir starfsfólki í sumar og til hlutastarfa næsta vetur.

Vinna felst í þrifum á herbergjum, útbúa morgunmat og móttöku gesta .

Gerð er krafa um:

- Þjónustulund og jákvæðni
- Stundvísi
- Samskipta og samstarfshæfni
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Samviskusemi

Æskilegt að umsækjendur séu eldri en 20 ára.

Upplýsingar í síma 895 6247

Bára Guðjónsdóttir

Leikdeild UMFG æfir nú af kappi gleðileikinn,

Láttu ekki deigan síga Guðmundur, eftir Eddu Björgvinsdóttur og Hlín Agnarsdóttur. Leikstjóri er Vilborg Halldórsdóttir, en hún leikstýrði einnig Gaukssögu sem UMFG setti upp árið 2011 við góðan orðstýr. Láttu ekki deigan síga Guðmundur, er í senn gamanleikur, ádeila og söngleikur.



Tónlistarstjóri er Þorbjörg Jóhannsdóttir og henni til aðstoðar eru Hjörtur Bergþór Hjartarson og Karl Hallgrímsson.

Leikendur eru 14 og eru nokkrir nýliðar þar á meðal. Frumsýning er áætluð þann 10. mars.

Frumsýning föstudaginn 10. mars kl. 20:00

2. sýning sunnudaginn 12. mars kl. 16:00

3. sýning laugardaginn 18. mars kl. 14:00

4. sýning sunnudaginn 19. mars kl. 20:00

5. sýning fimmtudaginn 23. mars kl. 20:00



Fótaaðgerðastofan á Heimalandi, Flúðum

Hef opnað fótaaðgerðastofu á Heimalandi sem verður opin á miðvikudögum, einnig verður hægt að fá aðra tíma eftir samkomulagi.

Allir eru hjartanlega velkomnir!

Vonandi getið þið notfært ykkur þessa þjónustu.

Tímamantanir í síma 863-0433.

Sólveig Jóhannsdóttir, löggildur fótaaðgerðarfræðingur.





Flúðasveppir óska eftir starfsmanni í fullt starf.

Starfið felst í vélavinnu allt frá dráttarvélum og vinnuvélum í sérhæfð tæki. Einnig þrif á tækjabúnaði og vinnusvæði. Mjög fjölbreytt starf. Starfsmaður þarf að geta hafið vinnu í mars.

Hæfni: Ökupróf er skilyrði, Lyftarapróf, jákvæðni og sjálfstæði í starfi. Reynsla á vinnuvélum æskileg.

Hafa samband á sveppir@sveppir.is eða í síma 6119911 og 893-9911

Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja

Við styðjum UMFG þegar við tökum þátt. **802**



VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun

Fótsnyrting — Handsnyrting —

Vaxmeðferðir - Litun og pökkun.



**Tímapantanir í
síma: 856-1599**

Jafnrétti í skólastarfi

Árleg vorráðstefna Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri (MSHA) verður haldin 1. apríl 2017 og verður hún að þessu sinni haldin í samstarfi við Jafnréttisstofu. Þema ráðstefnunnar er jafnrétti í skólastarfi. Samkvæmt gildandi menntastefnu er markmið jafnréttismenntunar að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag sem byggir á þessum gildum. Jafnréttismenntun vísar í senn til inntaks kennslu, námsaðferða og námsumhverfis. Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær samkvæmt námskrá til eftirfarandi þátta; kyns, kynhneigðar, kynvitundar, menningar, litarháttar, ætternis, þjóðernis, tungumáls, trúarbragða, lífsskoðana, fötlunar, stéttar, búsetu og aldurs.

Efni ráðstefnunnar er sniðið að leik-, grunn-, framhalds- og háskólum.

Aðalfyrirlesarar ráðstefnunnar verða:

- Dr. Guðný Guðbjörnsdóttir, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands
 - Dr. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands
- Raddir nemenda í umsjón Jafnréttisstofu

Auk aðalfyrirlestra verða málstofur og smiðjur þar sem reifuð verða ýmis mál er lúta að jafnrétti í skólastarfi. Einnig verður boðið upp á samræðulotu þar sem ráðstefnugestum gefst tækifæri á að ræða efni ráðstefnunnar. Hvert erindi verður 30 mínútur og innan þess tíma er gert ráð fyrir umræðum/fyrirspurnum. Smiðjur verða 60 mínútur. Hér með auglýsum við eftir erindum og smiðjum á málstofur frá leik-, grunn-, framhalds- og háskólakennurum, náms- og kennsluráðgjöfum, skólastjórnendum og öðrum áhugasömum aðilum um efni ráðstefnunnar.

Einkum er leitað eftir:

- kynningu á árangursríkum þróunarverkefnum
- kynningu á nýlegum íslenskum og erlendum rannsóknum
- umfjöllun um árangursríkar aðferðir/leiðir í námi og kennslu
- umfjöllun um strauma og stefnur

Einnig er í boði að kynna efni og veggspjöld sem tengjast þema ráðstefnunnar.

Frestur til að senda inn lýsingu á erindi að hámarki 200 orð er til 20. febrúar 2017.

[Senda inn ágríp](#)

Svör frá ráðstefnunefnd munu berast 28. febrúar 2017. Verði erindið samþykkt fellur niður ráðstefnugjald sem svarar einum málstofuflytjanda.

Nánari upplýsingar veitir Sólveig Zophoníasdóttir, 460 8564, netfang: sz@unak.is.

Einnig eru upplýsingar á heimasíðu MSHA: <http://www.msha.is>.

Frá Æskulýðsnefnd Smára

Námskeið fyrir börn og unglinga hófst í Reiðhöllinni á Flúðum 6.febrúar.

23 knapar eru skráðir til leiks frá hestamannafélögnum Smára og Loga. Reiðkennari er Rósa Birna Þorvaldsdóttir. Námskeiðið fer fram annan hvern mánudag: 6.febrúar, 20. febrúar, 6. mars, 20. mars, 3. apríl og 17. apríl. Tímasetningar hópa eru birtar á fésbókarsíðu Smáarakrakka. Námskeiðsgjald 9.000,- á þáttakanda sem þarf að vera skráður í Smára.

Uppsveitadeild Æskunnar í Reiðhöllinni á Flúðum hefst 25. febrúar.

Undirbúningsfundurinn var haldinn 30. janúar og var þar kynnt ný keppnisgrein í fimi. Skráning á fyrsta mót er opin til miðnættis 23. febrúar og fer fram á smarakrakkar@gmail.com. Fram þarf að koma nafn og kennitala knapa, nafn og fæðingánúmer hests og ósk um tónlist. Knapar þurfa að vera skráðir í Smára og hestar í Veraldarfeng. Undirbúningstími er 21. febrúar og þeir sem vilja nýta sér hann tali við Rósu Birnu s.847 9492

Reiðskóli fyrir byrjendur hefst 28. mars í Vorsabæ II. Leiðbeinandi er Elín Moqvist. Kennt er vikulega í sex skipti. Miðað er við að þáttakendur séu ekki fæddir síðar en 2011 og séu skráðir í Smára. Hestar og reiðtygi verða til staðar fyrir knapana. Skólagjöld eru 20.000,- á barn, 30.000 fyrir systkyni. Skráning á smarakrakkar@gmail.com fyrir 20. febrúar. Undanfarin ár hefur myndast biðlisti í reiðskólann og hvetjum við fólk til að skrá sem fyrst.

Hestheimaferð er á döfinni 27. – 28. maí.



Allir viðburðir æskulýðsnefndar eru auglýstir á fésbókarsíðu Smáarakrakka.

Bankaupplýsingar æskulýðsstarfsins: 0325-26-039004 431088-1509

UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR 2017

í Reiðhöllinni á Flúðum

SMÁRI



25. feb

10:00

Barnaflokkur - þriggungur og fimi

Unglingaflokkur - fjórgangur og fimi

18. mars

10:00

Barnaflokkur - fjórgangur og tölt

Unglingaflokkur - fimmgangur og tölt

8. apríl

10:00

Barnaflokkur - smali

Unglingaflokkur – smali og skeið



Frítt inn – Allir velkomnir



Vatnsvirkinn ehf



Dalsholt



Akrýlmálun ehf

Torfastaðir

Nesey ehf



Fellskotshestar



Brekkuhestar



Veitandi ehf pípulagnabjónusta

Styrktaraðilum Uppsveitadeildar Æskunnar er þakkaður stuðningurinn

Þorralótsnefnd 2018

Við fengum hjá Þorralótsnefnd 2017 tilnefningar í þá næstu. — Það vill gleymast hverjir hljóta hnossið. ☺

Lag: Vinnum þetta fyrirfram – Páll Óskar)

1

Erum komin á
Þorralót og stuði í
Ekkert stoppar
okkur öll að gefa í
Við gerðum grin
en ekki komust allir á blað
Svo elskan mín
það verður bara að hafa það

2

Við vorum úrvals þorranefnd
Við urðum fyrir valinu
Og af og til við vorum kennd
En héldum alltaf kúlinu
Við erum fyndin, fín og flott
Og fengum fram hjá ykkur glott
Og þó við mætum oft á mannamót
Toppa ekkert – þetta þorralót!

3

Á Stóra-Núpi
búa Þóra og Jón Einar
í Steinsholti
eru Kari og Gunnar
hún Kristjana
og Birgir bílabóndi kann flest
ein Sigprúður
og Axel hann er kenndur við prest

4

Þau fengu pláss í nefndinni
með Kristínu og Gunnþóri
og ekki skortir mannvalið
með Ara og Dísu í Árnesi
Irma og einn ánægður
Gummi þú ert formaður
Ekki gleyma – við viljum brjálað djamm
Og að ári – komið þið hér fram
- komið þið hér fram
- komið þið hér fram

5

Við völdum þess fínu nefnd
Nú takið þið við keflinu
Og hér er bara valið fólk
með mastergráðu í gríninu
Þið verðið fyndin, fín og flott
Og fáið fram hjá okkur glott
Svo nú að ykkur – við viljum brjálað djamm
og að ári – dragið skóna fram

6

Við vorum úrvals þorranefnd
Við urðum fyrir valinu
Og af og til við vorum kennd
En héldum alltaf kúlinu
Við erum fyndin, fín og flott
Og fengum fram hjá ykkur glott
Og þó við mætum oft á mannamót
Toppa ekkert – þetta þorralót!

– þetta þorralót!
– besta þorralót!



Landskeppni
í hreyfingu

Lífshlaupið



Hvar er pósturinn?

Góð skemmtiatriði voru á þorablóttinu í Árnosi nú í janúar og þetta var eitt af því sem boðið var upp á.

Lag Hello, Adele

<https://www.youtube.com/watch?v=E8iOHgJ3ypY>



Halló, hver ert þú?

Ertu pósturinn sem ég er búin að biða eftir nú í rúma viku, með pakkann minn Bændablaðið, vísareikninginn og jötunnbæklinginn?

Halló, ert' að koma?

Ég verð vitlaus, vona að þetta verði ekki alltaf svona. Landinn bíður, saknar þín, Flöskupóstur eða dúfa? ráðalaus og vonin dvín.

Ég veit ekki hvaða vikudag ég á að vænta þín.

Hvenær kemur pósturinn?

Ég þarf að lesa möggann minn.

Og bara alla alls ekki mörgum dögum of seint. Því þá get ég þessu alveg eins gleymt.

Hvenær kemur pósturinn?

Langt þarf að ganga, en ekkert finn.

Þessi fíni kassi mörg hundruð metra frá bæ. Ég arka og arka og samt engan póst ég fæ.

Halló, heyrirðu' í mér?

Pappamassa póst við kunnum ekki vel að meta hér. Alltaf blautur, stundum frosinn. Hver veit nema einhvern daginn fari' að vaxa' á honum mosinn.

Ég veit ekki hvaða vikudag ég á að vænta þín

Hvenær kemur pósturinn?

Ég þarf að lesa möggann minn

En bara alls alls ekki mörgum dögum of seint Því þá get ég alveg eins mér með honum skeint.

Hvenær kemur pósturinn?

Langt þarf að ganga en ekkert finn.

Þessi fíni kassi mörg hundruð metra frá bæ. Ég arka og arka og samt engan póst ég fæ.

Þorablótsnefndin 2017.



Leikholtsfréttir í febrúar 2017

Í fyrstu vikunni í janúar höfðum við Dótadag, þá fengu öll börn að hafa með sér eitt dót að heiman í leikskólann, það var mikið fjör. Við höldum upp á þorran á bóndadegi með því að smakka og borða þorramat í hádeginu og síðan fóru öll börn heim með mynd og svör við spurningum sem þau voru spurð um pabba þeirra. Spurningarnar voru: Hvað heitir pabbi þinn? Hvað er hann gamall? Hvar er hann að vinna? Hvað finnst honum skemmtilegast og leiðinlegast að gera? Svörin við spurningunum voru mjög ólík og skemmtileg og án efa mjög skemmtilegar bóndagsgjafir til allra fedra í Leikholti ☺

Leikskólinn Leikholt er með Grænfána og er stöðugt að vinna að því að gera umhverfið umhverfisvænna. Hér er fundargerð síðasta umhverfisfundar hjá elstu tveimur hópnum í Leikholti (2011 og 2012):

Umhverfisnefndarfundur 26. janúar 2017

Mættir: Sirrý, Haukur, Alexandra, Óðinn Þór, Kristín Ágústa, Tryggvi Hrafn, Magnús Örn, Alexius Máni, Jörundur, Árún Emma, Kristófer Hrafn, Magnús Veigar, Oliwia, Tina, Elín Víctoría og Reimar Atli.

Fundur var settur

Byrjað var á að ræða endurnýjun Grænfána. Hvað er það?

Sirrý fræðir nefndina um það hvað við þurfum að gera til þess að geta fengið fánann endurnýjaðan á 2ja ára fresti. Sirrý fer líka aðeins yfir skrefin sem þarf að taka til þess að fá endurnýjun. Allir sammála að við séum á mjög góðri leið J

Fórum yfir öll markmiðin okkar og mátum hvernig okkur er að ganga:

Úrgangur:

Að börnin læri um tilgang og framkvæmd flokkunar! – gengur vel, allir duglegir að flokka og vita hvað á að fara hvert.

Að börnin viti hvað sé gert við flokkaðan úrgang frá því hann fer frá okkur og þar til hann er endurunninn. – Þetta gengur líka vel, erum búin að fræðast um endurvinnslu pappírs og plasts og í næstu viku á að fræðast um endurvinnslu mála.

Einn drengur kom með skemmtilega sögu um dauðan fugl sem kötturinn hans hafið komið með heim. Og svo sagði hann okkur að mamma hans hefði sett hann í lífræna ruslið (hórputurninn). Þá hófst umræða um það hvað sé lífrænt.

Lífbreytileiki:

Að börnin læri að þekkja lífríkið í umhverfi sínu s.s. bæði gróður og dýr. – Við vorum mjög dugleg að fylgjast með öllu lífríki í kringum okkur frá apríl fram í október. Svo fórum við á fullt aftur í apríl. Fram að því fylgjumst við með fuglunum.



Að fódra fugla í vetrarhörkum – við erum dugleg að fódra smáfuglana í vetrarhörkunum. Erum búin að hengja kúlur í trén og gefum þeim líka fuglafóður á stéttina. Báðir hópar ætla að klára að útfæra nýju hugmyndina um fódurstand fyrir krummana. Svo sungu börnin „Frost er úti fuglinn minn“. Þetta lag minnir okkur á að gefa fuglunum.

Áttahagar:

Að börnin læri að þekkja nærumhverfi leikskólans – gengur vel. Að öll börn séu með fjöllin á hreinu. Ætlum aðeins að rifja upp nöfnin á bæjunum í kring. Börnin í Skósveinahópi eru búin að vera að vinna í áttahagaverkefni þar sem þau bjuggu til kort af Brautarholti og áttögum þess. Mjög flott (sjá skýrslu).

Fundi slitið.





Í Leikholti eru nokkrir öðruvísi dagar yfir árið og þar á meðal litadagar. Fyrir alla litadaga fara fram kosningar í barnahópnum um hvaða litur eigi að verða fyrir valinu. Síðan fær

meirihlutinn að ráða, ein af mörgum leiðum að kenna lýðræði. Síðasti litadagur var 27. janúar og var hann öðruvísi en hinir þar sem það var í fyrsta skipti jafntefli í kosningunum og var því haldið upp á rauðan og bláan litadag.

En einnig skemmtileg niðurstaða þar sem auðvitað verða þau að kynnast því líka að það verður stundum jafntefli.

Mánudaginn 6. febrúar var Dagur leikskólans. Haldið var upp á hann með því að allir mættu í salinn um morguninn og dönsuðu og dönsuðu. Á myndinni má sjá alla dansa við lagið Súperman (m. Ladda). Til hamingju allir með Dag leikskólans ☺ og frábæra leikskólann Leikholt ☺!

F.h. allra í Leikholti, Elín Anna Lárusdóttir, leikskólastjóri.

<http://www.skeidgnup.is/sorpmál>

Þar má finna leiðbeiningar um flokkunina, einnig á ensku og pólsku
 Information about green and brown bin in <http://www.skeidgnup.is/sorpmál>
 Endilega kynnið ykkur flokkunina vel! Góð flokkun skilar okkur ávinningi.

FLOKKUNARTAFLA

GRÆNA TUNNAN

Flokkur	Hvað tilheyrir flokknum	Frágangur
 Bylgjupappi	Allir pappakassar sem hafa bylgjaðar brúnir, t.d. pizzakassar.	Best að leggja saman pappakassa til að minnka rúmmál. Má fara beint í Grænu tunnuna .
 Dagblöð/tímarit	Dagblöð, tímarit, umslög skrifstofupappír og annar prentpappír.	Beint í Grænu tunnuna .
 Fernur/sléttur pappi	Fernur og aðrar umbúðir úr sléttum pappa, t.d. morgunkornspakkar, eggjabakkar og hólkar innan úr pappísrúllum.	Fjarlægja matarleifar og skola fernur. Fer beint í Grænu tunnuna . Gott er að fylla fernu með mörgum fernum.
 Plastumbúðir	Allar umbúðir úr hörðu eða mjúku plasti, t.d. plastpokar, hreinsiefnabrúsar, skyrdósir og plastfilma.	Fjarlægja matar- og efnaleifar. Smáhlutir fara í Grænu tunnuna í gegnsæjum plastpoka. Stærri hlutir fara beint í tunnuna
 Málmar	Smáhlutir úr málm, t.d. niðursuðudósir, álpappír, krukkulok og sprittkertakoppar.	Fjarlægja matarleifar. Má fara beint í Grænu tunnuna .

Óendurvinnanlegur úrgangur fer í tunnu fyrir almennt sorp. Dæmi: Gler, ryksugupokar, bleiur, frauðplast, umbúðir úr blönduðu hráefni, umbúðir sem ekki er hægt að hreinsa o.fl.

Samgöngumál í sveitinni.

Ég get ekki lengur orða bundist um vegina hér í sveit, hvort sem um er að ræða malbikshlutann eða holuhlutann af vegakerfinu hér innan sveitarinnar. Það er ekki boðlegt að hristast í holum og drullupollum og sjá nánast aldrei tæki sem heitir veghefill. Þegar fram á malbik er komið frá mínu heimili í Hlíð, léttir manni um stund, notalegt að hristingurinn og hlykkirnir eru að baki, já það tekur verulega í bakið og bílinn.

En þá tekur við lífshættan ! Mjór vegurinn býður ekki uppá mikinn hraða, en því miður er hraðinn víst það sem gildir eða hvað? Rútur telja sig eiga meira en eina akrein, sama er að segja um stóru truckkana með aftanívagna, þeir gefa sko ekkert eftir. Ferðamönnum hefur fjölgað um „helling“ og er því stöðug umferð á veginum fram með Kálfá, sá vegarkafli er mjór og allur í hlykkjum eins og heimamenn vita. Eftir þessum vegi er daglega ekið með börnin í Þjórsárskóla og börnin í Leikskólann á Brautarholti. Á móti koma truckarnir þunghlaðnir og gefa ekkert eftir í hraða eða á veginum. Við fáum að vísu snjómokstur, svona stundum en vegurinn er gjarnan flugháll. Ferðamenn stöðva bíla sína hvar sem er og stökkva út, skilja eftir opnar hurðir alveg sama hvort blindhæð eða beygja er framundan. Ná kannski góðum myndum af hestum eða norðurljósum. Mér er ekki ljóst hvað er hægt að gera til að kenna þeim að þetta er lífshættuleg iðja.

Svo komum við að ferðum hesta þegar líður að sumri, hestaleigur eru reknar í sveitinni sem byggja á ferðum með fólk á hestbaki, meðfram þessum vegi. Að hluta til þar, er reiðvegur, en að hluta til er enginn reiðvegur og varla pláss fyrir hálfan hest. Þá hrökklast hestar uppá veginn og bara lukkan ein fær ráðið framhaldinu. Umferðin á ekki eftir að minnka, um það eru flestir sammála. Vegna virkjanaframkvæmda í Búrfelli aukast þungaflutningar, ég tala nú ekki um ef af umdeildri Hvammsvirkjun verður.

Ég get ekki og vil ekki sætta mig lengur við óbreytt ástand.

Lögreglan þarf að vera með virkara eftirlit, Vegagerðin þarf að efla heflun og ofaniburð, við getum líka farið fram á lagfæringar á þessum vegakafli við Kálfá. Að vísu átti að heita fyrir mjög mörgum árum að hann væri lagfærður en síðan hefur umferð aukist um allan helming. Ef kantar væru breikkaðir og vegaxlir gerðar, því þær eru engar, væri ástandið strax betra. Einnig mætti nefna að hvíta línan væri máluð þegar hún er orðin algerlega afmáð. Margt fleira mætti gera, hraðamyndavélar gera sitt gagn, hraðahindranir líka.

Það er ekki nóg að bjóða fólk velkomið í sveitina, það þarf að vera hægt að komast um vegina með góðu móti.

Með ósk og von um úrbætur.

Anna María Flygenring.

Hlíð.



Umsókn um leikskólavist í leikskólann Leikholt



Skólanefnd og leikskólastjóri vilja vekja athygli íbúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi á því að mjög gott er að sækja um leikskólavist fyrir börnin ca. misseri fram í tímann. Það er að segja ef vilji er til þess að barnið byrji að hausti þá er gott að senda inn umsókn að vori o.s.frv. Það auðveldar að gera ráð fyrir barna- og starfsmannfjölda í leikskólanum fram í tímann.

Nánar um innritunarreglur er hægt að finna á <http://skeidgnup.is> og einnig er hægt að fylla út rafræna umsókn um leikskólavist á heimasíðu hreppsins á þessari slóð: <http://skeidgnup.is/efni/leiksk%C3%B3linn-leikholt>.

Með bestu kveðjum, Skólanefndin.



Menn og málefni!



Guðni Björgvin Högnason frá Laxárdal og Eydís Harpa Bjarnadóttir frá Selfossi eignuðust sitt fyrsta barn þann 19. janúar s.l. Það var stúlka sem vó 3120 gr og 47 sm. Við óskum þeim hjartanlega til hamingju með litlu stúlkuna sína en fjölskyldan býr á Selfossi.

Hvað gerir fyrirtæki framúrskarandi?

- Er í lánshæfisflokki 1-3
- Rekstrarhagnaður (EBIT) og ársniðurstaða jákvæð þrjú ár í röð
- Eiginfjárhlutfall 20% eða meira þrjú rekstrarár í röð
- Eignir hafa numið 80 milljónum eða meira þrjú ár í röð
- Framkvæmdastjóri er skráður í hlutafélagaskrá
- Fyrirtækið er virkt samkvæmt skilgreiningu Creditinfo
- Skilað ársreikning fyrir 1. september 2016



Annað árið í röð hljóta tvö fyrirtæki hér sveitinni þessa nafnbót.

Landstólpi ehf og Nesey ehf og megi aðrir taka þau sér til fyrirmyndar. Við óskum eigendum og starfsfólki þeirra innilega til hamingju nafnbótina því sagt er jú að fyrirtæki samanstandi af verkum þeirra er þar starfa. Glæsilegt!

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðauðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir


Garðyrkjufraeðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is

Þjónusta vegna ljósleiðara!

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýtengingum og línubókhaldi Fjaraskiptafélags Skeiða-og Gnúpverjahrepps vegna ljósleiðarans. Hafið samband við þá.
skj@internet.is - Sigvaldi K Jóns. og nonniasum@gmail.com -Jón Hákonarson.



www.Híalín.is

Klassísk snið með
silkiprentuðum munstrum
sem hafa beina skírskotun
í íslenska náttúru.

Húfur, peysur, bolir og leggings.

Kíktu í heimsókn og verslaðu í heimabyggð.



Kær kveðja
Vilborg í Skarði
863 9689 og
vilmarius13@gmail.com





Norska Tøltrider eru gæðareidtygi á toppverði sem við höfum bæði notað sjálf og verið mjög vel tekið í búðinni hjá okkur í Svipjóð. Mest seldu hnakkarnir frá Tøltrider, Bikar, Glampi og virkislausu eru allir hjá okkur á Íslandi á góðu verði.



Meiri upplýsingar á www.tolt.nu/island
eða sími 892 8452 Sigfus

*Sigfus & Josefine
Vestra-Geldingaholt*



Áætlun Landflutninga í Árnessýslu:

Frá Reykjavík kl. 9:00 alla

virka daga- með viðkomu á Selfossi

Phone: +354 458 8821

Mobile: +354 858 8820

Email: sverrir.unnarsson@samskip.com

Landflutningar
SAMSKIP

facebook



www.landflutningar.is

Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási. Sími: 480-1180 Fax: 480-1181
www.arnesthing.is

Forstöðumaður Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings er María Kristjánsdóttir
maria@hveragerdi.is

Starfsmenn með aðsetur í Laugarási:

Sigurjón Árnason, félagsráðgjafi, sigurjon@laugaras.is sími 480-1180

Sigrún Símonardóttir, forstöðukona heimaþjónustu sigrun@laugaras.is

Á bak við eldavélina!



Pálína Axelsdóttir Njarðvík leggur til uppskriftir þennan mánuð.

Ég verð að viðurkenna eitt, þótt það sé nú frekar vandræðalegt.

Ég kann eiginlega ekkert að elda og varla að baka. Botninum var náð

fyrir jól þegar ég keypti mér tilbúið smákökudeig. Því náði ég að

klúðra þannig að allar smákökurnar enduðu í ruslinu. Ég vil taka það fram að

þetta er ekki foreldrum mínum að kenna, þau kunna bæði að elda. En því miður

erfist þessi kunnátta ekki, maður þarf að læra þetta.

Reyndar kann ég að elda einn rétt. En það er kjúklingaréttur og þar sem ég kem frá sauðfjárbúi þá finnst mér það varla viðeigandi. En uppáhaldsmaturinn minn er lambalærið hjá Möggömmu. Ég kann ekki að elda það, en hún sagði mér frá því hvernig það er gert.

Lambalæri ala Maggamma.

Krydda læri og setja það í steikarpott inn í ofn. Þínu vatn sett undir lærið. Svo er það látið malla í svona 2 tíma. Amma byrjar á að hafa hitann á 100 en eykur hann svo upp í svona 170. Meðlæti er smekksatriði, en við höfum alltaf brúna sósu og kartöflur.



Uppáhaldseftirmaturinn minn er vegankaka (kannski enn minna viðeigandi heldur en kjúklingarétturinn fyrir svona bóndastelpu) en hún er mjög góð.

Það er nefnilega útbreiddur misskilningur í sveitum landsins að vegan fólk borði bara kál, þau borða líka kökur (og allskonar mat).

Uppskriftin er ekkert voðalega stór. Þannig ef þið viljið borða mikið þá er best að tvöfalda hana.

Innihald:

1 og 1/2 bolli hveiti

1 bolli sykurl

1/4 bolli kakó

1 tsk matarsódi

1/2 tsk. salt

1/3 bolli olía

1 tsk. vanilludropar

1 tsk. eplaedik

1 bolli vatn

Byrjið á því að hita ofninn í 175°C með blæstri.

Blandið vel saman í skál hveiti, sykri, kakó, matarsóda og salti.

Bætið olíu, vanilludropum, ediki og vatni saman við og hrærið. Passið að engir kekkir séu í deiginu. Smyrjið form með kókosolíu og hellið deiginu ofan í.

Bakið í 30–45 mínútur.

Krem

1 1/2 bolli flórsykur
1 1/2 msk. kakó
4 msk. Bráðin kókosolía
4 msk. uppáhellst sterkt kaffí
1 tsk. Vanilludropar

Ég ætla að skora á Nikulás frænda minn í Birkikinn að koma með eitthvað í næsta fréttabréf.

Það verður spennandi að sjá hvort hann sé búinn að læra að elda.

Kær kveðja.

Pálína.



Country Taxi

Sinni öllum uppsveitunum, ball, afmæli eða annar mannfagnaður.

Allar upplýsingar á facebook:

<https://www.facebook.com/leigubill/>

eða í síma 776-0810.

Kv. Dóri

Viðgerðir á Stóra-Núpskirkju ganga vel.


Guðmundur Magnússon (á mynd) og starfsmenn hans á Flúðum vinna nú hörðum höndum að viðgerðum á tréverki kirkjunnar og miðar verkinu vel að mati sóknarnefndar.

Jón Hákonarson, rafvirkjameistari í Ásum ætlar að taka rafmagnsvinnuna að sér og Helgi Grétar Kristinsson, málarameisteri, í Hveragerði tekur að sér að mála allt sem mála þarf. Við stöndum þó frammi fyrir því að vanta húsnæði, sem geymslu fyrir kirkjubekkina. Það verður að vera upphitað húsnæði ca 40-70m² og mætti vera nánast hvar sem er hér í uppsveitum, á Selfossi eða Hveragerði. Ef þið vitið af einhverju væruð þið til í hafa samband við Ámunda 892-0405 eða senda póst á:

amundi@simnet.is

Á [facebook.com/Stóra-Núpskirkja](https://www.facebook.com/Stóra-Núpskirkja) eru fleiri myndir af framkvæmdunum.

Mbkv. Sóknarnefndin.



Vetraropnun: Alla daga. kl.11:00 -22:00

Krafturinn úr náttúrunni hjálpar þér að ná jafnvægi!

LAUGARVATN
fontana
Hellsulind frá landnámi

<http://www.fontana.is>

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík

Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is

Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

GIANT D337T HD

Giant D337T HD er afmikiill og með mikla lyftigetu miðað við stærð.

Vélin er fjórhjóla drifin með "Heavy duty" öxla og sjálfvirkri læsingu á mismunadrifi.



Vél: Kubota D1105 T
33 HP/24 kW

Lyftigeta: 1450 kg

Aksturshraði: 0-10 / 0-25 km

Breidd: 104-128 cm

- Hátt og lágt drif

- Sjálfvirk driflæsing á báðum öxlum

- Mikil lyftigeta
- Afmikiill
- Stöðugir
- Úrval aukahluta

Eigum vél til afgreiðslu strax

GIANT D254SW

Litli risinn

Giant D254SW er samantþjappað orkutröll. Lipur í þröngum svæðum og getur nánast lyft eigin þyngd.



Vél: Kubota D902
25 HP/17,5 kW

Lyftigeta: 1000 kg

Aksturshraði: 0-15 km

Breidd: 92-110 cm

- Fjórhjóladrifi
- Mikil lyftigeta miðað við stærð
- Afmikiill
- Stöðugur
- Úrval aukahluta

- Mikil lyftigeta miðað við stærð
- Afmikiill
- Stöðugir
- Úrval aukahluta

Eigum vél til afgreiðslu strax

Rúllugreip einföld

Kr. 79.215

m/vsk



Heyrúlluskeri

plast- og netskrælari



Cashels heyrrúlluskerinn sker rúlluna um leið og hann grípur plastið og netið utan af rúllunni. Skerinn er mjög sterkbyggður en þannig hannaður að hann er léttari en aðrir sambærilegir skerar. Skerinn er með öflugra tjákka sem eiga auðvelt með að skera í gegnum frofnar rúllur.

Sterkur - Öflugur - Léttur

Tilboð á spónum

Kr. 1.692,-

m/vsk 20 kg. balli ef tekið er eitt bretti (18 ballar á bretti)



Kr. 345.464



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

Opnun sundlauga í Skeiða –og Gnúpverjahreppi 2017
Neslaug S: 486-6117 **Skeiðalaug S: 486 5500**

Neslaug

Opið - Open

Miðvikudaga: Wed. 17 - 22

Laugardaga: Sat. 13 - 18

Vörur tengdar sundi seldar í
afgreiðslum lauganna.

**Hætt er að selja ofan í
hálf tíma fyrir lokun.**

Aðeins er ca. 12 mínútna
akstur á milli lauganna.

Skeiðalaug

Opið - Open

Mánudaga Mon. 18 - 22

Fimmtudaga: Thu. 18 - 22

Neslaug og Skeiðalaug eru á

facebook

Fylgist með þar ☺

Eyþór Brynjólfsson s. 897-1112

Umsjónarmaður sundlauga.

**Íbúafundur í Skeiða– og Gnúpverjahreppi verður
haldinn þegar daginn tekur að lengja aðeins meira!**

Fundarefni: aðalskipulag og viðbragðsáætlun Almannavarna,
langtímaviðbrögð í sveitarfélaginu. **Fylgist með á skeidgnup.is**

Verður auglýstur betur þegar nær dregur. Sveitarstjóri



Íbúar í dreifbýli

**Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til
okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.**

**Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvi-
tækjapjónustunnar, mun taka á móti ykkur og
skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í**

**reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi
við sveitarfélögin.**

**Nánari upplýsingar koma fram á
heimasíðu BÁ, www.babubabu.is
eða í síma 4-800-900.**